

GJALDSKRÁ LEIKSKÓLA

Gildir frá 1. janúar 2026

1. Í leikskólum í Garðabæ er boðið upp á sveigjanlegan vistunartíma barna, að lágmarki 20 tímar og að hámarki 40 tímar á viku
2. Gjald fyrir leikskólavist á mánuði verður innheimt miðað við dvalartíma á viku

Dvalartími á viku	Dvalargjöld á viku	Dvalartími	Dvalargjöld
20	16.318	30	24.477
21	17.133	31	25.293
22	17.949	32	26.108
23	18.765	33	26.925
24	19.581	34	27.740
25	20.397	35	28.556
26	21.212	36	29.372
27	22.028	37	33.777
28	22.844	38	38.844
29	23.660	39	41.175
		40	43.645

3. Fæðisgjald fyrir morgunmat, nónhressingu, hádegismat og síðdegishressingu er kr. 11.890 á mánuði.
4. Foreldrar/forráðamenn með tekjur undir viðmiðunarmörkum geta sótt um tekjutengdan afslátt af gjöldum leikskóla samkvæmt reglum Garðabæjar um tekjutengingu afsláttar af leikskólagjöldum, gjöldum frístundaheimila og gjöldum til dagforeldra. Afslátturinn er 40% af almennu dvalargjaldi. Afsláttur er ekki veittur af fæðisgjaldi í leikskólum.

Viðmiðunartekjur verði annars vegar fyrir einstaklinga/forsjáraðila og hins vegar fyrir sambúðarfólk. Afslátturinn verði miðaður við heildartekjur heimilis þar sem meðaltekjur einstaklings eru allt að 923.000 kr. á mánuði en sambúðarfólks 1.131.000 kr. á mánuði. Sækja þarf um tekjutengdan afslátt í þjónustugátt á vef Garðabæjar.
5. Foreldrar, sem hafa tvö eða fleiri börn á leikskóla, í frístundaheimili eða hjá dagforeldrum, fá 50% afslátt af gjaldi fyrir barn umfram eitt og 75% afslátt af gjaldi fyrir hvert barn umfram tvö, en greiða fullt verð fyrir fæði. Systkinaafsláttur gildir alltaf fyrir eldra/elsta barn óháð fjárhæðum. Systkinaafsláttur á að reiknast út sjálfkrafa.

*Samþykkt í bæjarstjórn Garðabæjar
4. desember 2025.*

*Lúðvík Örn Steinarsson,
sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs*

Garðabær innheimtir 650 kr. foreldragjald mánaðarlega með leikskólagjöldum fyrir foreldrafélög leikskólanna. Gjaldið er innheimt að beiðni foreldrafélags og fært á viðskiptareikning foreldrafélagsins hjá bænum. Ráðstöfun er í höndum stjórnar foreldrafélaga í samráði við leikskólastjóra. Foreldragjald er frjálst framlag sem foreldrum er ekki skylt að greiða.